

Reykjavíkurborg  
Skrifstofa skipulags- og byggingarsviðs  
Ráðhúsinu  
101 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 5. maí 2009  
Tilvísun: UST20090100176/ksj

**Breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024**  
**Suðvesturlínur: Búrfellslína 3, Kolviðarhóslína 2, Sandskeiðslína 1**  
**Niðurfelling: Hamraneslína 1 og 2 og Sogslína 2**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar er barst 28. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024. Suðvesturlínur.

Tillagan felur í sér framkvæmdir sem eru áfangi í langtímauppbyggingu raforkuflutningakerfis á Suðvesturlandi.

Ráðist verður í eftirfarandi framkvæmdir innan Reykjavíkur:

1. Búrfellslína 3, 400 kV, ný lína frá Sandskeiði að Hamranesi
2. Sandskeiðslína 1, 400 kV, ný lína frá Sandskeiði að Hrauntungum
3. Kolviðarhóslína 2, 220 kV. Flutningsgeta núverandi Búrfellslínu 3B verður aukin á kaflanum frá Sandskeiði að Hamranesi. Gert er ráð fyrir að möstur línunnar verði hækkuð um 1-3 m að jafnaði vegna þessarar aukningar.
4. Sogslína 2, 132 kV verður rifin frá Kolviðarhóli að Geithálsi, samfara uppbyggingu nýrra háspennulína.
5. Þegar Búrfellslína 3 og Kolviðarhóslína 2 eru komnar í rekstur er áformað að Hamraneslínur 1 og 2 verði rifnar. Ofangreindar nýjar línur taka við hlutverki þeirra.

Tilgangurinn með breytingunum er að byggja upp raforkuflutningakerfið svo það verði í stakk búið til að mæta framtíðaráformum um orkuflutninga á svæðinu. Skipulagsbreytingin er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Háspennulínum verður ekki fjölgað samkvæmt ofangreindri tillögu heldur verða reistar 3 nýjar línur, og 3 eldri línur verða fjarlægðar þegar nýjar verða teknar í notkun.

**Skilgreining, lýsing og mat á umhverfisáhrifum**

Svokallaðar Hamraneslínur koma ofan af Hólmsheiði við Geitháls og þvera Suðurlandsveg nokkru vestar en bærinn Hólmur. Síðan liggja þær yfir Heiðmörk á leið suður til Straumsvíkur. Í dag nálgast byggð línurnar suð-austan við Elliðavatn og telur Umhverfisstofnun það vera jákvætt að þær verði fjarlægðar og telur stofnunin mikilvægt að slóðar er fylgja Hamraneslínunum verði afmáðir eins og kostur er.

Nýju línurnar Búrfellslína 3, Sandskeiðslína 1 munu liggja samsíða núverandi Búrfellslína 3, svo rask og stígagerð vegna þeirra verður minni en ella.

### Náttúruminjar


Ljóst er að ofangreindar línur munu fara í gegnum Bláfjallafólkvang. Bláfjöll urðu fólkvangur 1973, en friðlýsing var endurskoðuð 1985. Umhverfisstofnun bendir á að leita þarf leyfis stofnunarinnar vegna framkvæmda innan fólkvangsins.


Háspennulínur af þeirri stærð sem hér er áætlun um og það þreföld lína muni hafa mikil sjónræn áhrif og áhrif á útivistargildi svæðisins þar sem þær fara um. Umhverfisstofnun telur þó þessa áætlun ásættanlega þar sem lína liggur nú þegar þessa leið frá Sandskeiði að Hamranesi. Umhverfisstofnun tekur undir að við svo búið er skásta leiðin að leggja hinar nýju línur samsíða þeirri sem fyrir er. Einnig er fjallað um fleiri kosti, bæði núll kost sem myndi kalla á aðrar leiðir fyrir orkuflutning og línur í jörð sem er ekki í boði í dag vegna mikils kostnaðar.

### Niðurstaða

Leggja á tvöfalda línu og stækka línu sem fyrir er frá Sandskeiði að Hamranesi og Hrauntungum og á þeirri leið verður farið gegnum Bláfjallafólkvang. Í greinargerð og umhverfisskýrslu kemur fram að línuleiðirnar verða samsíða svo rask og stígagerð verði haldið í lágmarki. Umhverfisstofnun álitur að áætlunin sé ásættanleg þar sem nýju línurnar 2 verða lagðar samsíða þegar röskuðu línustæði. Umhverfisstofnun telur að niðurstaðan fari mjög eftir þeim vinnubrögðum sem beitt verður við sjálfa framkvæmdina. Umhverfisstofnun gerir því ekki athugasemd við ofangreinda áætlun en telur að undirbúningur og vinnubrögð við framkvæmdina sjálfa þurfi að vera mjög vönduð enda farið um fólkvang.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Olafur A. Jónsson  
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun